



14. stjórnarfundar LH 15. maí 2014

Mættir aðalmenn: Þorvarður Helgason, Sigurður E. Ævarsson, Erla Guðný Gylfadóttir, Sigrún Þórðardóttirog Haraldur Þórarinsson.

Fjarverandi aðalmenn: Andrea M. Þorvaldsdóttir og Oddur Hafsteinsson.

Varamenn: Helga B. Helgadóttir og Stefán Ármannsson.

1. Fundargerð 13. fundar (var samþykkt í tölvupósti, er á vefnum okkar)

Samþykkt, engar athugasemdir.

2. Viðauki við samning v/Landsmóts 2014

Farið yfir viðaukasamninginn vegna LM 2014 og hann samþykktur.

3. Yfirlýsing v/Landsmóts 2016

Góð umræða um þetta mál. Haraldur og Sigrún úr stjórn LH fóru norður og hittu sveitastjórnarfólk í Skagafirði og sögðu frá mjög jákvæðum anda fólks þar gagnvart Landsmóti á Vindheimamelum sumarið 2016. Í framhaldinu var rætt um landsmótsstaði almennt. Þá var ákveðið að auglýsa eftir umsóknum um að halda Landsmót 2018.

4. Staða tungubogamálsins

Rannsóknir sýna að enginn munur er á stöngum með tunguboga hvort sem um er að ræða einjárnug eða mál með bita. Formaður talar um að í greinargerð sem Sigríður Björnsdóttir dýralæknir hrossasjúkdóma hjá Matvælastofnun og Þorvaldur Kristjánsson kynbótadómari og kennari við Landbúnaðarháskóla Íslands senda frá sér 18.04.2014, komi fram að notkun méla með tunguboga sé afgerandi áhættuþáttur fyrir alvarlega áverka á kjálkabeini og auki hættu á þeim óásættanlega mikið og ætti ekki að leyfa notkun méla með vogarafli og tunguboga í sýningum og keppni hjá íslenskum hestum.

Leggja þau til að öll mál með tunguboga með hæðarmun frá neðri kanti á endastykki upp í neðri kant á efsta hluta (miðhluta) málanna sem er 0,5 sm eða meira og sé á stöngum og/eða keðju teljist mál með vogarafli og beri að banna.

Stjórn sammála um að ekki væri hægt að „gefa neinn afslátt“ á útilokun þessara méla, þ.e. ekki hægt að halda inni ákveðnum gerðum þessara méla en banna önnur. Rætt var um hvort LH ætti að setja íslenska sérreglu sem bannar þessa gerð méla í keppni. Stjórn LH var sammála um að fara að tillögu Sigríðar og Þorvaldar og banna þennan búnað sé henni það heimilt samkvæmt þeim lögum og reglum sem stjórn LH starfar



eftir. Ákveðið að fá lögfræðing til að gera minnisblað um hvort stjórn sé heimilt út frá lögum og reglum LH, FEIF, FEI og dýraverndarlögum að banna þennan búnað.

5. Staða lyfjamálsins

Málflutningur verður í þessu máli 22. maí og í framhaldinu fjallar dómstóll ÍSÍ um málið og gefur út niðurstöðu innan viku samkvæmt lögum hans.

6. Önnur mál

- a. Auglýsa eftir umsóknum frá aðildarfélögum LH um Landsmót 2018.
Umsóknarfrestur er til 18. júlí 2014. Skrifstofa sér um að útbúa auglýsingu og sendir á stjórn til samþykktar.
- b. Sportfengur gjöld
 - i. FM Vesturlands – ekki hægt að fella niður þessi gjöld. Útsendur reikningur stendur.
 - ii. Gullmótið – greiðir þessi gjöld fyrir Gullmótið. Útsendur reikningur stendur.
- c. Gullmót – samstarf um úrtöku, framhald á því? ÞH spyr og þetta rætt. Stjórn LH mælist til þess að úrtökur verði unnar á félagslegum grunni í framtíðinni.
- d. Skýrsla liðsstjóra LH – stjórn kallar eftir skýrslu liðsstjóra vegna HM2013. Hún skal liggja fyrir 15. stjórnarfundi LH.
- e. Íslandsmót – Fyrirspurn frá Fákí: er nóg að hafa einn yfirdómara fyrir bæði mót fullorðinna og yngri flokka? Niðurstaðan er sú að það sé nægjanlegt þar sem í reglum segi að þetta sé eitt mót.
- f. Þorvarður vill að unnið verði meira með „Hestaatið í Hörpu“. Stjórn sammála um að kanna það mál betur.
- g. Rætt um Uppskeruhátíð og ákveðið að fá Þorra og Jonna til að kanna með staði og koma með tillögu til stjórnar þar sem Brodwaey sé ekki lengur inni í myndinni.
- h. Rætt um U21 hópinn og næstu skref í því máli. Ákveðið að ræða við Viðar Halldórsson sem er að vinna könnun fyrir stjórn LH um nýliðunarmál um þessi mál.
- i. Helga B. Helgadóttir fer yfir undirbúning og stöðu mála varðandi Youth Cup á Hólum í sumar. Enn vantar erlendan alþjóðadómara. Hólar geta skaffað 20 hross en það vantar þrjátíu til viðbótar. 78 krakkar mæta og því verða 13 lið. Mikið um erlenda sjálfboðaliða.

Ekki fleira tekið fyrir. Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir.